



# MANNASIÐIR

## VERKEFNI

Veltið fyrir ykkur eftirfarandi spurningum eftir að hafa horft á myndina.

1. Einar og Elín voru ef til vill eitthvað skotin hvort í öðru áður en atburðurinn gerðist. Skiptir það máli?
2. Hvaða áhrif hafa fjölmiðlar í máli Einars og Elínar?
3. Einar var edrú – Elín var búin að drekka áfengi. Skiptir það máli?
4. Hvernig nýtir Elín sér samfélagsmiðla?  
Hvers konar áherslur leggja #meetoo #hofumhatt á samfélagsmiðlum?
5. Einar einangrar sig eftir atburðinn. Af hverju gerir hann það?
6. Elín gengur upp að Einari á sviðinu og kyssir hann. Skiptir máli að hún hafi tekið frumkvæði?  
Hvaða máli skiptir það?
7. Einar og Elín fara saman inn í herbergi á ballinu ... allir sjá það. Skiptir það máli?
8. Einar er sætur og góður strákur og spilar í hljómsveit. Skiptir það máli?
9. Hver er upplifun Einars á atburðinum? En Elínar? Hvaða munur er á upplifun þeirra?
10. Elín upplifir að vinkona hennar hafi stungið hana af eða skilið hana eftir á ballinu.  
Hvernig eru viðbrögð Elínar við því?
11. Einar er ásakaður um nauðgun. Hversu sanngjarnt finnst ykkur það?
12. Frétt af meintri nauðgun er strax komin inn á samfélagsmiðla. Hvernig finnst ykkur það?
13. Hvaða munur er á sögu Einars og sögu Elínar í rannsókninni? Hvaða munur er á þeim?
14. Elín er fyrst til í að vera með Einari en hættir við á síðustu stundu.  
Hvað finnst ykkur um að það sé hægt að hætta við þegar búið er að segja já áður?
15. Strákarnir í hljómsveitinni standa ekki með Einari. Hann þarf að hætta í hljómsveitinni.  
Af hverju bregðast þeir svona við? Hvað finnst ykkur um þessi viðbrögð þeirra?
16. Fljótt berast sögur um meinta nauðgun. Hvað finnst ykkur um það?
17. Elín fær þann dóm hjá sumum að hún sé athyglissjúk og rugluð. Hvað finnst ykkur um það?  
Eru stelpur frekar dæmdar af hegðun sinni en strákar eða eru strákar frekar dæmdir en stelpur?
18. Hvernig tekst fjölskylda Einars á við atburðinn?  
Hvaða áhrif hafði þessi atburður á foreldra hans og systur?
19. Dagarnir og biðin eftir úrskurði og dómi í málinu tekur tæpt ár.  
Hvaða skoðun hafið þið á því að það taki svona langan tíma?
20. Málið er felld niður vegna þess að það eru ekki nægar sannanir.  
Breytir þessi niðurstaða einhverju? Hverju?
21. Einar viðurkennir að hafa ekki hlustað á Elínu. Skiptir máli að hann hafi áttað sig á því?  
Skiptir máli að Einar biður Elínu afsökunar á atburðinum?
22. Elín fer í viðtal á RÚV. Hvaða áhrif hefur það?
23. Finnst ykkur rétt af Elínu að kæra Einar? Var einhver önnur leið?  
Hefði verið hægt að leysa málið á annan hátt en kæra?
24. Hverjar eru afleiðingar þessa atburðar fyrir Einar? En fyrir Elínu?  
Fer annað hvort þeirra verr út úr þessu máli?